

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 127/2001**

**frá 23. nóvember 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2001 frá 26. október 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/571/EB frá 28. júlí 1999 um viðurkenningu á því að austurríski gagnagrunnurinn yfir nautgripi er að öllu leyti rekstrarhæfur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun ráðsins 1999/762/EB frá 15. nóvember 1999 um breytingu á ákvörðun 91/666/EBE um að koma á fót varasjóðum bandalagsins af gin- og klaufaveikibóluefni<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun ráðsins 1999/881/EB frá 14. desember 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/534/EB um bann við notkun efnis sem hætta stafar af með tilliti til smitandi heilahrönnunar<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun ráðsins 1999/879/EB frá 17. desember 1999 um markaðssetningu og inngjöf nautgripavaxtarhormóns (BST) og um að fella úr gildi ákvörðun 90/218/EBE<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 217, 17.8.1999, bls. 62.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 301, 24.11.1999, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 331, 23.12.1999, bls. 78.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 331, 23.12.1999, bls. 71.

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við 11. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/62/EB) í hluta 1.2 undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLYÐILEGT TILLIT TIL*“ í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„12. **399 D 0571**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/571/EB frá 28. júlí 1999 um viðurkenningu á því að austurríski gagnagrunnurinn yfir nautgripi er að öllu leyti rekstrarhæfur (Stjtið. EB L 217, 17.8.1999, bls. 62).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/534/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **399 D 0881**: Ákvörðun ráðsins 1999/881/EB frá 14. desember 1999 (Stjtið. EB L 331, 23.12.1999, bls. 78).“

*3. gr.*

Eftirfarandi bætist við 7. lið (ákvörðun ráðsins 91/666/EBE) í hluta 3.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 D 0762**: Ákvörðun ráðsins 1999/762/EB frá 15. nóvember 1999 (Stjtið. EB L 301, 24.11.1999, bls. 6).“

*4. gr.*

Eftirfarandi komi í stað textans í 7. lið (ákvörðun ráðsins 90/218/EB) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„**399 D 0879**: Ákvörðun ráðsins 1999/879/EB frá 17. desember 1999 um markaðssetningu og inngjöf nautgripavaxtarhormóns (BST) og um að fella úr gildi ákvörðun 90/218/EBE (Stjtið. EB L 331, 23.12.1999, bls. 71).“

*5. gr.*

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/571/EB og ákvarðana ráðsins 1999/762/EB, 1999/879/EB og 1999/881/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*6. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

*7. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.